

Tillaga til þingsályktunar

um bættar vegasamgöngur yfir Hellisheiði.

Flm.: Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir,
Birgir Þórarinsson, Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímánn Magnússon, Tómas A. Tómasson.

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra að stofna starfshóp sem hafi það að markmiði að greina og koma með tillögur um hvernig bæta megi vegasamgöngur yfir Hellisheiði svo að ekki þurfi að koma til ítrekaðra lokana yfir vetrarmánuði.

Ráðherra leggi niðurstöður starfshópsins fyrir Alþingi eigi síðar 1. júní 2024.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 152. og 153. löggjafarþingi (771. mál) og er nú endurflutt með smávægilegum breytingum á greinargerð.

Umferð um Hellisheiði hefur aukist verulega á síðustu árum. Samkvæmt tölum frá Vega-gerðinni fóru að meðaltali um 10.000 bílar yfir Hellisheiðina á dag árið 2022. Aukinn umferðarþunga yfir Hellisheiði má að einhverju leyti skýra með fjölgun ferðamanna, en nær 80% ferðamanna sem koma til landsins leggja leið sína um Suðurland og telja má víst að langflestir þeirra keyri yfir Hellisheiðina. Þó er ein af meginástæðum aukins umferðarþunga yfir Hellisheiði sú að vinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins hefur teygst anga sína langt austur fyrir fjall. Fyrir því eru fleiri en ein ástæða. Telja má að bættar samgöngur og skortur á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiki þar hlutverk ásamt því að fólk kys í auknum mæli að búa í smærri, rólegri samfélögum. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni hefur íbúum í sveitarfélögum fyrir austan fjall farið ört fjölgandi, en frá árinu 2014 hefur íbúum á Selfossi fjölgað um 3.053. Þá hefur á sama tímabili íbúum fjölgað um 868 í Hveragerði og svipaða sögu er að segja af fjölgun íbúa í Þorlákshöfn en fjölgun hefur orðið í öllum þéttbýliskjörnum á svæðinu. Samkvæmt mannfjöldaspá er útlit fyrir að íbúum þar komi enn til með að fjölga á næstu árum. Samhliða fjölgun íbúa er einnig orðið algengara að fyrirtæki flytji starfsemi sína frá höfuðborgarsvæðinu í umrædd sveitarfélög.

Árið 2017 var gerð könnun á vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins frá öðrum byggðarlögum á Suðvesturlandi.¹ Könnun á vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins frá Hveragerði, Ölfusi, Árborg og Flóahreppi sýndi að frá Hveragerði og Ölfusi komu 539 einstaklingar og voru konur 16% þeirra og karlar 37%, en frá Árborg og Flóahreppi komu 438 einstaklingar og voru konur 10% þeirra og karlar 20%. Því miður er ekki nýrri könnun að finna en ef fjöldi 18–80 ára íbúa árið 2023 er uppreiknaður miðað við sömu hlutfallstölur um vinnusókn og komu fram í rannsókninni eru tölurnar eftirfarandi fyrir árið 2023:

¹ <http://www.efnahagsmal.is/article/view/a.2018.15.2.6>

Sveitarfélag	Konur	Karlar	Heildarfjöldi
Hveragerði/Ölfus	1.185*16% = 190	1.178*37% = 436	626 manns
Árborg/Flóahreppur	3.473*10% = 347	3.465*20% = 693	1.040 manns
Samtals fjöldi	537	1.129	1.666 manns

Þessar tölur sýna að stór hluti íbúa á þessu svæði sækir vinnu á höfuðborgarsvæðið og allar líkur eru á að þessar tölur hækki á komandi árum.

Veður á Hellisheiði geta verið válynd og vegurinn lokast með skömmum fyrirvara með tilheyrandi vandkvæðum. Flutningsmenn telja mikilvægt að kanna alla þá kosti sem í boði eru til þess að bæta vegasamgöngur yfir heiðina. Veginum yfir Hellisheiði var lokað í 26 skipti á árinu 2022 og það sem af er yfirstandandi ári hefur honum verið lokað í sjö skipti, eða í 29,5 klst.

Lokanir á Hellisheiði á árunum 2014–2022 voru eftirfarandi:

Ár	Skipti	Fjöldi klst.
2014	8	57,6
2015	21	135,9
2016	8	43,1
2017	4	27,0
2018	16	132,2
2019	13	65,8
2020	19	133,3
2021	2	13,6
2022	26	66,0

Flutningsmenn velta fyrir sér hvort það mætti að sama skapi kanna möguleika á því að setja hluta af veginum í stökk. Árið 2020 voru sett sérstök lög um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir þar sem tilteknar voru nokkrar framkvæmdir sem lagt var til að unnar væru sem samvinnuverkefni. Flutningsmenn telja að skoða ætti hvort mögulegar vegabætur á veginum um Hellisheiði væru hentugar sem samvinnuverkefni. Með samvinnuverkefnum má flýta mögulegum framkvæmdum en reynsla erlendis frá hefur sýnt að einkaaðilar ná að jafnaði að ljúka framkvæmdum á styttri tíma en opinberir aðilar. Hugtakinu samvinnuverkefni er lýst þannig í lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, nr. 80/2020: „Verkefni þar sem einkaaðili annast fjármögnun opinbers mannvirkis, í heild eða að hluta, eða tekur með öðrum hætti áhættu af gerð og rekstri þess, eftir atvikum með heimild til gjaldtöku fyrir notkun mannvirkisins á rekstartíma. Samvinnuverkefni felur að jafnaði í sér samvinnu um eftirtalið: fjármögnun, áætlanagerð, hönnun, uppbyggingu mannvirkja, viðhald, rekstur og annað sem nauðsynlegt er til að ljúka megi framkvæmd og reka mannvirki í tiltekinn tíma.“

Í ljósi aukins umferðarþunga, lokana og oft erfiðra veðurskilyrða telja flutningsmenn mikilvægt að skoðað verði af fullri alvöru þá möguleika sem í boði eru til þess að bæta vegasamgöngur yfir vetrarmánuðina á Hellisheiði og leggja því til að innviðaráðherra skipi starfsþóp sem falið verði að kanna allar mögulegar leiðir. Markmiðið er að tryggja umferðaröryggi og bættar vegasamgöngur fyrir íbúa og fyrirtæki sem starfrækt eru á svæðinu og jafnframt fyrir ferðamenn sem yfirleitt eru óvanir akstri í vetrarfærð.